

**Kjarasamningur
milli
Samiðnar – sambands iðnfélaga
og
Landsvirkjunar**

Kjarasamningur Samiðnar og Landsvirkjunar framlengist með svofelldum breytingum:

1. gr.

Hinn 1. janúar 2014 skulu laun og launataxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Launataxtar undir kr. 230.000 hækka aukalega um kr. 1.750.

2. gr.

Orlofsuppbót á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2014 verður kr. 105.933 miðað við fullt starf.

Desemberuppbót er á árinu 2014 kr. 105.933 miðað við fullt starf.

Hækkun framlags til eftirmenntunarsjóðs um 0,1% kemur til framkvæmda frá 1. júní 2014 að telja.

3. gr.


Um undirbúning og aðgerðir vegna endurnýjunar kjarasamnings þessa fer eftir ákvæðum „aðfararsamnings“ í kjarasamningi SA og aðildarfélaga ASÍ frá 21. desember 2013.

4. gr.

Samningurinn gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 15. maí 2014

F.h. Samiðnar



F.h. Landsvirkjunar

